



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 14. apríl 2023

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Þáttökugjöld, dómaramál og U20 kvenna

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 29. mars voru breytingar samþykktar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytingarnar sem samþykktar voru eru m.a. tilkomnar vegna samþykktar á ársþingi KSÍ 2023. Þá hefur bráðabirgðaákvæði, sem hefur verið í gildi fyrir 2. flokk kvenna, verið framlengt út árið 2023.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir tilgreindar breytingar:

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **grænmerkt**
Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

13. gr.

Þáttökuréttur

- 13.3 Stjórn KSÍ skal ~~í samráði við mótanefnd~~ ákveða þáttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- 13.4 Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félag sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og ~~helmingur þáttökugjalda~~, helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda **og þáttökugjöld** skal inna af hendi eigi síðar en 30. ~~apríl~~ **mars** sama ár ella hefur þáttökutilkynningin ekki verið staðfest.

19.gr.

Dómaramál

- 19.2 KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:
- öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
 - A og B deild 2. flokks karla og kvenna
 - bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
 - úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokka.
- KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, **sbr. þó grein 19.3.**, ~~þar sem þess er krafist, nema í keppni Utandeildar karla og 2. flokks karla og kvenna.~~
- 19.3 Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum

og mótum:

- a. Utandeild karla og í riðlakeppni 5. deildar karla
- b. Íslandsmóti 2. flokks, að frátalinni keppni í A deild A liða, og í bikarkeppni 2. flokks,
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- d. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

30.gr.

2. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Ákvæði til bráðabirgða keppnistímabilið 2023: Allir leikmenn sem eru 20 ára á almanaksárinu eru hlutgengir í 2. aldursflokki kvenna keppnistímabilið 2023 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Greinargerð

Breytingar sem samþykktar hafa verið á reglugerð um knattspyrnumót eru m.a. tilkomnar vegna samþykka á ársþingi KSÍ í febrúar 2023. Breytingarnar fela það í sér að ákvörðun um þátttökugjöld í mótum á vegum KSÍ verði aðeins í höndum stjórnar KSÍ. Þá er árlegum gjalddaga hluta þátttökugjalda flýtt frá 30. apríl til 30. mars.

Breytingar sem varða dómaramál hafa það í för með sér að í keppni Utandeildar og í keppni 5. deildar karla skuli heimalið tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum. Þá mun KSÍ í kjölfar þessara breytinga tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í keppni A deildar A liða í 2. aldursflokki. **Sú breyting tekur gildi í maí mánuði eða við upphaf keppni í 2. lotu Íslandsmóts A liða í A deild 2. flokks karla.**

Loks var bráðabirgðaákvæði vegna keppni í 2. flokki framlengt. Það þýðir að áfram er miðað við að leikmenn sem eru 20 ára á almanaksárinu séu hlutgengir í 2. aldursflokki kvenna keppnistímabilið 2023 og teljast ekki til þeirra fjögurra eldri leikmanna sem heimilt er að nota. Heimilt er að hafa fjóra eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem hófu ekki leik með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ